

68. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi á skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 9. apríl 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Gauti Geirsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir, Magnús Ingi Jónsson, Sif Huld Albertsdóttir Sædis Ólöf Þórsdóttir, og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Þorgeir Pálsson sat fundinn sem varamaður í stjórn.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. **Fjármálaáætlun 2026-2030**
2. **Leiðin að 30 þúsund tonnum í Ísafjarðardjúpi – hugmynd að skýrslu**
3. **Skýrsla framkvæmdastjóra**
4. **Fundargerðir til kynningar**
 - a. [Fundargerð 119. fundar stjórnar SSNV 4. mars](#)
 - b. [Fundargerð 120. fundar stjórnar SSNV 11. mars](#)
 - c. [Fundargerð 121. fundar stjórnar SSNV 18. mars](#)
 - d. [Fundargerð 71. fundar SSNE 17. mars 2025](#)
 - e. [159. stjórnarfundur Austurbrúar 18. mars 2025](#)
 - f. [9. fundur stjórnar SSA 18. mars 2025](#)
 - g. [594. Fundur stjórnar SSH 17. febrúar 2025](#)
 - h. [619. fundur stjórnar SASS 7. mars 2025](#)
 - i. [809. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum](#)

Fundur stjórnar FV

1. **Þinggerð 70. Fjórðungspings að vori**
2. **Fundargerðir Svæðisskipulagsnefndar**
3. **Samningar um C1 verkefni**
4. **Umsagnir:**
 - a. Umsagnarbeiðnir
 - b. Umsagnir til skoðunar
 - c. Afgreiddar umsagnir
 - i. Frumvarp, breyting laga um haf- og strandsvæðaskipulag
 - ii. Frumvarp um sýslumann

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna til fundar og sérstaklega nýjan stjórnarmann, Þórkötlu Soffíu Ólafsdóttur, sem kjörin var á 70. Fjórðungspingi Vestfirðinga þann 2. apríl sl. og situr hér sinn fyrsta fund í stjórn.

Þórkatla kemur inn sem aðalmaður í stað Tryggva B Bjarnasonar, sem sagði sig frá störfum í bæjarstjórn Vesturbyggðar þann 18. mars sl. og þá samhliða í stjórn Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandi

Vestfirðinga. Formaður bauð einnig Þorgeir Pálsson, velkominn á sinn fyrsta fund í stjórn, en hann situr fundinn sem varamaður í stjórn.

Formaður þakkaði síðan Tryggva hans störf í stjórn og óskaði honum velfarnaðar.

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

1. **Fjármálaáætlun 2026-2030**

Tekið til umræðu tillögu að umsögn til fjárlaganefndar Alþingis um þingsályktun að Fjármálaáætlun 2026-2030.

Formaður tilgreindi fundi og samtöl sem tekin hafa verið eftir að fjármálaáætlun var lögð fram á Alþingi í lok mars sl., nefndi hann sérstaklega ályktun 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga þann 2. apríl sl. og varðaði hækkun gjalda á atvinnulíf á Vestfjörðum.

Framkvæmdastjóri fór yfir þau málavæðing sem hafa verið í umsögnum gagnvart fjármálaáætlun og fjárlögum á síðasta ári og tengingu við ályktanir Fjórðungsþinga.

Til máls tóku auk formanns, Gauti, Þorgeir, Lilja, Elísabet og Sædís.

Formaður fól framkvæmdastjóra og sviðsstjóra að undirbúa umsögn um fjármálaáætlun í takti við sjónarmið sem komu fram í umræðu.

2. **Leiðin að 30 þúsund tonnum í Ísafjarðardjúpi – hugmynd að skýrslu**

Formaður kynnti hugmynd að hefja vinnu að gerð skýrslu hvernig megi finna leiðir að nýta ramma burðarþols fiskeldis í Ísafjarðardjúpi sem er 30 þús t en takmarkast við 12,8 þús t, vegna áhættumats erfðablöndunar. Hér væri nærtækust aðgerð sem myndi vera innspýting í efnahagslíf á Vestfjörðum og fyrirtæki á svæðinu sem gætu nýtt án mikils fyrirvara.

Til máls tóku, Gauti, Þorgeir, Sigríður og Sif Huld.

Formaður gerði tillögu um að fela framkvæmdastjóra að skoða umfang og efnistöð skýrslu undir heitinu Framtíðaruppbygging lagareldis á Vestfjörðum og leggja fram á næsta fundi stjórnar. Tillagan samþykkt.

3. **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra.

4. **Fundargerðir til kynningar**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórna landshlutasamtaka.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.10.

Fundur stjórnar FV

Fundinn sátu Gylfi Ólafsson, formaður, Dagný Finnbjörnsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Hildur Aradóttir, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, einnig Þorgeir Pálsson sem varamaður í stjórn.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

1. Þinggerð 70. Fjórðungsþings að vori

Lögð fram til kynningar þinggerð 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori sem haldið var þann 2. apríl sl.. Þingið samþykkti ársreikning 2024, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2025 og skýrslu stjórnar Fjórðungssambandsins. Samþykkt var efni, dagsetning og staðsetning 70. Fjórðungsþings Vestfirðing að hausti og ályktun um *Þrenna sértækra Vestfjarðaskatta*.

Formaður fól framkvæmdastjóra og sviðsstjóra að koma gögnum út til kynningar og í framkvæmd eftir því sem efni segir til um.

2. Fundargerðir Svæðisskipulagsnefndar

Fundargerðir 15. og 16. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarðar lagðar fram til kynningar.

3. Samningar um C1 verkefni

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að samningum við Byggðastofnun um umsjón þriggja C aðgerða og vísaði til umræðu á 67. fundi um tilurð málsins. Hún tilkynnti einnig að unnið væri að samningum við sveitarfélög og stofnanir á Vestfjörðum um framkvæmd verkefna og kæmi tillaga að samningum til afgreiðslu stjórnar þegar þar að kæmi.

Samningar fjalla um eftirfarandi verkefni.

- Teningur fjárfesta við innviði og auðlindir á Vestfjörðum kr 10.600.000,-.
- Byggðabragur – sjálfsmynd íbúa og ímynd nýs sveitarfélags kr 9.400.000,-
- Samræmd móttaka og inngildin íbúa af erlendum uppruna á Vestfjörðum kr 10.000.000,-

Formaður lagði fram tillögu að veita heimild til framkvæmdastjóra um staðfestingu samninga við Byggðastofnun. Tillagan samþykkt einróma.

4. Umsagnir:

a. Umsagnarbeiðnir frá Alþingi

- I. 3. apríl 2025 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár fyrir árin 2025-2029, 267. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 23. apríl** nk. Málið hefur áður komið til skoðunar í Samráðsgátt og gaf ekki tilefni til umsagnar. *Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.*
- II. 3. apríl 2025 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og stranda \(EES-reglur, móttaka úrgangs í höfnum\), 266. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 23. apríl** nk. *Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.*

- III. 3. apríl 2025 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála, 265. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 23. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- IV. 27. mars 2025. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og hollustuhætti og mengunarvarnir \(ETS- og ETS2-kerfið\), 145. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 4. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- V. 25. mars 2025 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um svæðisbundna flutningsjöfnun \(leiðrétting, framlenging gildistíma\), 176. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 8. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- VI. 25. mars 2025 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um náttúruvernd o.fl. \(gjaldtaka o.fl. vegna Náttúruverndarstofnunar\), 214. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 8. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- VII. 25. mars 2025 Velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar [tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á reglum um endurgreiðslu ferðakostnaðar sjúklinga, 143. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 8. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- VIII. 25. mars 2025 Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um sýslumann, 186. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 8. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- IX. 20. mars 2025 Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar [frumvarp til laga um leikskóla \(innritun í leikskóla\), 169. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 3. apríl nk.**
Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.
- X. 20. mars 2025 Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar [tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 57. mál](#) Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 3. apríl nk.** *Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.*
- XI. 18. mars 2025 Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar [158. mál – Borgarstefna](#). Frestur til að senda inn umsögn er til og með **1. apríl nk.** *Tillaga samþykkt að veita ekki umsögn.*

b. Umsagnir til skoðunar

Skipan aðgerðarhóps vegna almyrkva á sólu 12. Ágúst 2026

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=156&mnr=209>

Frestur til að skila umsögn 10. Apríl 2025. Samþykkt að senda inn umsögn.

Raforkulög (raforkuviðskipti)

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=156&mnr=251>

Frestur til að skila umsögn 22. Apríl 2025. Samþykkt að senda inn umsögn.

Fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 <https://www.althingi.is/altext/156/s/0296.html>

Samþykkt að senda inn umsögn. Frestur til að skila umsögn hefur ekki verið dagssettur en vísað til umræðu um efni umsagnar á fundi stjórnar Vestfjarðastofu nú fyrr í dag.

c. Afgreiddar umsagnir

i. Frumvarp, breyting laga haf og strandsvæðaskipulag

Lögð fram til staðfestingar umsögn sem send var þann 27. mars sl.

<https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-393.pdf> . Formaður kynnti að efni umsagnar lögð fram á fundi með umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 3. apríl sl. og vísaði til kynningarglæra <https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-548.pdf>

ii. Frumvarp um sýslumann

Lögð fram til staðfestingar umsögn, sem send var 8. apríl sl.,

<https://www.althingi.is/altext/erindi/156/156-651.pdf>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.45